



## Samskipta- og útgáfunefnd - Communication and Publicity Committee

Ég tók að mér að sitja í Communication og Publicity nefndinni fyrir Evrópusvæðið og var fyrsti fundur nefndarinnar boðaður í höfuðstöðvunum í Austin Texas, 19.-20. september. Ferðalagið til Austin gekk vel, enda samferðakonan, Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir í Alfadeild, reynslubolti og öllum hnútum kunnug. Ég var nefnilega svo heppin að hún var líka að fara á fund svo gott sem á sama tíma. Á þessum fyrsta fundi var farið yfir þau verkefni sem við blasa næsta árið, sett niður áætlun og markmið fyrir starfstímabilið og viðmið fyrir útlit og innihald vefsíðna samtakanna yfirfarin ásamt ýmsu öðru.



Á myndinni má sjá konur í Community og Publicity nefndinni, 2012–2014.

Eitt helsta hlutverk nefndarinnar er að yfirfara allar vefsíður landsambanda og deilda og kanna hvort þær uppfylla markmið samtakanna um útlit og innihald. Ef þær gera það, þarf að gefa grænt ljós á það til alþjóðasambandsins að þær fái „viðurkenningartákninu“ úthlutað eða endurnýjað hafi þær haft það áður. Ef landsambönd og deildir fá ekki viðurkenningu er ekki sett krækja í vefsíður þeirra frá vef alþjóðasambandsins. Þetta hefur svo „margfeldisáhrif“ á þann hátt að t.d. okkur hérna á Íslandi er í rauninni ekki heimilt að setja tengil í þær deildarsíður og landsambandsíður í Evrópu sem ekki hafa fengið viðurkenningu. Það er því nokkuð í húfi að fá viðurkenninguna.

Eftir að heim var komið tók því við annasamur tími þar sem hafa þurft samband við öll landsamböndin á Evrópusvæðinu og í framhaldi af því yfirfara og meta allar vefsíðurnar innan þeirra. Þessu þurfti að vera lokið fyrir 1.nóvember þegar umsóknarfresturinn til að biðja um endurnýjun á viðurkenningunni rennur út. Það er skemmtilegt að geta sagt frá því að allar íslensku deildirnar auk landsambandsins fengu viðurkenningu og skarta nú „viðurkenningartákninu“ á sínum vefsíðum.

Annað hlutverk nefndarinnar er að semja og gefa út fréttabréfið „Strengthening the Buzz“. Það kemur út á tveggja mánaða fresti og er hægt að nálgast það á vefsvæði okkar undir

Eftir fundinn í Austin hefur verið haldinn einn fundur í nefndinni og fór hann fram gegnum veffundakerfið Go to meeting, laugardaginn 10. nóvember. Fundurinn gekk



Eygló Björnsdóttir, Betadeild, skýrsluhöfundur, fyrir framan höfuðstöðvarnar í Austin, Texas

prýðilega, allar nefndarkonur náðu að tengjast og áttu góðan fund. Aðalfundarefni var svæðaráðstefnumar á sumri komanda en þessi nefnd hefur hlutverki að gegna á þeim ráðstefnum. Meðal annars þarf hún að standa fyrir kynningum og hvetja til samskipta og tengsla innan svæðanna og koma að þjálfun fyrir vefstjóra og ritstjórnir landsambanda.

Næsti fundur nefndarinnar er fyrirhugaður í Austin í Texas 27. og 28. september í haust.

Eygló Björnsdóttir